

Danska 9.-10. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir

Kennslustundir: 3 stundir á viku

Námsefni: Valdir kaflar úr kennslubókum í dönsku, léttlestrarbækur, smásögur, hlustunarefni og fjölbreytt efni frá kennara.

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Námsflokkur	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Hlustun og áhorf	Skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt. Fylgt með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt. Hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.		Kaflapróf Annarpróf Kynningar Mat á vinnubrögðum Ritgerðarsmíð Sjálfsmat nemenda Virgni í einstaklings- og hópavinnu
Lestur og lesskilningur	Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu. Lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.		

	Lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra. Og gert sér grein fyrir gildi bókmennta. Lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum. Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.		
Samskipti	Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli. Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum. Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.		
Frásögn	Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námis ínu og brugðist við spurningum. Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum. Samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra. Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.		

Ritun	Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi. Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. Skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða. Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.		
Menningarlæsi	Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins. Gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma. Greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.		

Skipulag kennslunnar

Kennari leggur inn efni og fer yfir og ræður nýtt efni með nemendum.

Í hverri viku fá nemendur vikuáætlun sem á að klára í kennslustundum. Ekki er gefið sérstakt heimanám, en þeir nemendur sem komast ekki yfir vikuáætlun í skólanum þurfa að klára þeirri vinnu heima eða gefst tækifæri til að leysa því eftir skóla undir eftirliti kennarans ákveðna daga vikunnar.

Nemendur eru hvattir til að vinna sameiginlega að lausnum verkefna og vinna stundum með ákveðið viðfangsefni í skipulagðri hópavinnu.

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru t.d. kannanir, kynningar, vinnubrögð, ritgerðarsmíð, sjálfsmat nemenda og virkni í einstaklings- og hópavinnu.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.

Námsáætlun 8.bekkur 2025 - 2026:

Dagssetningar	Viðfangsefni	Annað
25. – 29. ágúst	Upprifjun	
1. – 5. sept	Þema 1 – Daglegt líf	
8. – 12. Sept.	Þema 1 – Daglegt líf	
15. – 19. sept	Þema 1 – Daglegt líf	
22. – 26.sept Erasmus+	Þema 2 – Fjölskylda og sambönd	
29.sept. – 3.okt.	Þema 2 – Fjölskylda og sambönd	
6. - 10. Okt. Kennaraping Regnboginn	Þema 2 – Fjölskylda og sambönd	
13. - 17.okt. Dansvika	Þema 3 – Heilsa og matur	
20. – 24.okt. Foreldradagur	Þema 3 – Heilsa og matur	
27. – 31.okt Hrekkjavaka	Þema 3 – Heilsa og matur	
3. – 7.nóv. Starfsdagur (mán)	Þema 4 – Menning og hátíðir	
10. – 14.nóv. Kaffihúskvöld	Þema 4 – Menning og hátíðir	
17. – 21. nóv	Þema 4 – Menning og hátíðir	
24. – 28.nóv. Eldvarnarvika	Þema 6 - Jólin	
1. – 5.des	Þema 6 - Jólin	
8. – 12.des	Þema 6 - Jólin	
15. - 18.des	Jóladagskrá	